



Fundargerð

Staður og tími: Zoom, 15. nóvember 2022 kl. 18:00

Mættir aðalmenn: Halldór Jóhannsson (HJ), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Mættir varamenn: Sigurjón Andersen (SA).

Fjarverandi: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð

1. Formannafundur ÍSÍ 25 nóv. 2022

HKS mun sitja fundinn fyrir hönd sambandsins og e.t.v. þarf varaformaður eða annar stjórnarmaður að gera það líka þar sem framkvæmdastjóri er í leyfi.

2. Verklagsreglur ÍSÍ varðaði ofbeldi.

Komin er út skýrsla og viðbragðsáætlun frá ÍSÍ vegna atvika og áfalla,

https://www.samskiptaradgjafi.is/files/ugd/48e44a_d4ea92bf07774bb1aab4f310deb56510.pdf.

HKS lagði til að stjórn taki málið fyrir á sérstökum fundi 29. nóvember til að fara yfir viðbrögð sambandsins og verkferla. Tillagan var samþykkt.

3. Reglugerðir

Breytingatillögur varðandi reglugerðir um keppnisráð og keppnishald, sem ræddar voru á vinnufundi stjórnar í september, voru kynntar á formannafundi 5. nóvember s.l. Ekki komu fram afgerandi athugasemdir þar við kynntar breytingar.

Farið var ítarlega yfir fyrirhugaðar breytingar og komist að niðurstöðu um útfærslu, BH tók að sér að leiðrétta texta og undirbúa til útgáfu.

Leiðrétt útgáfa af reglugerðunum verður send út fyrir næsta reglulega fund stjórnar og afgreiddar þar formlega.

4. Erindi frá Hauki Viðari Einarssyni

Skriflegt erindi varðandi ýmis atriði tengd torfæru barst frá Hauki Viðari Einarssyni. Ákveðið að HKS og BH vinna tillögu að svörum og beri undir stjórn.

5. Önnur mál

- BH kynnti nýtt veftól sem hægt er að nota við setningu og uppfærslu á reglum. Framtakinu var fagnað.
- Stjórnarmenn hafa heyrt mikið af góðum viðbrögðum við nýlega afstöðnu lokahófi sambandsins.

Fundi slitið kl. 19.54

Næsti fundur stjórnar 6. desember 2022 kl. 18.00